

REGLUGERÐ

um takmörkun leigubifreiða í Keflavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Keflavík skal á meðan bæjarstjórn Njarðvíkurbæjar og hreppsnefndir Miðnes- og Hafnarhrepps ekki leyfa fólksbifreiðastöðvar, hver í sínu lögsagnarumdæmi, fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Keflavík miðuð við íbúatölu í lögsagnarumdæmum Keflavíkur og Njarðvíkurbæjar, Miðnes- og Hafnarhrepps, þannig að ein bifreið komi á hverja 300 íbúa, sem þar eiga lögheimili, samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Þar til rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin skal úthluta fjórða hverju leyfi, er losnar og einu leyfi fyrir hverja 1000 íbúa fjölgun.

2. gr.

Enginn bifreiðastjóri má aka allt að 8 farþega leigubifreið til mannflutninga í Keflavík, nema hann hafi afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Keflavík og hafi öðlast atvinnuleyfi sem leigubifreiðarstjóri í Keflavík.

Þeim leyfishöfum, sem að staðaldrí hafa látið aðra aka bifreið sinni, sem leigubifreið til mannflutninga í útgerðarleyfum sínum, skal ef þeir æskja þess, heimilt að hafa þann hátt á áfram, þar til leyfishafi byrjar aftur sjálfur, þótt bifreiðarstjórinn hafi ekki atvinnuleyfi, enda sé bifreiðarstjórinn í stéttarfélagi bifreiðastjóra í Keflavík.

3. gr.

Leigubifreiðastjórar, sem ekki hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Keflavík hafa ekki atvinnurétt þar, nema eftir kvaðningu fyrirfram.

4. gr.

Í Keflavík skal ávallt vera a.m.k. ein bifreiðastöð opin alla nóttina. Bifreiðastjórum er skylt að hlíta þeim reglum, sem stjórn viðkomandi bifreiðastöðva kann að setja í samráði við stéttarfélag bifreiðastjóra, því til tryggingar að ekki sé tilfinnanlegur skortur á leigubifreiðum vissan hluta sólarhringsins.

II. KAFLI.

Úthlutun atvinnuleyfa.

5. gr.

Bifreiðastjóri, sem óskar að fá atvinnuleyfi, sem leigubifreiðarstjóri, skal sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum til Bifreiðastjórafélagsins Fylkis fyrir 1. okt. ár hvert.

Umsókninni skal fylgja:

- Vottorð frá bifreiðastöð í Keflavík um að umsækjandi geti fengið þar afgreiðslu, fái hann úthlutað atvinnuleyfi.
- Hegningarvottorð.
- Vottorð frá manntalsskrifstofunni um að umsækjandi eigi lögheimili á félagssvæði Fylkis.
- Afrit skattframtals sl. 3 ár.

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðarstjóra við akstur allt að 8 farþega leigubifreiða jafnan lagður til grundvallar, þannig að sá sem lengstan starfs-

aldur hefur gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn, enda eigi hann lögheimili og hafi búsetu á félagssvæði Fylkis.

Úthlutunarmönnum er þó heimilt að vikja frá meginreglu greinar þessarar í sérstökum undantekningartilvikum.

Bifreiðastjórar, sem hafa haft atvinnuleyfi en lagt það inn hafa forgangsrétt til atvinnuleyfis í næstu tvö ár frá því það var lagt inn, minnst í 6 mánuði, þó getur sá, sem fær úthlutað atvinnuleyfi í fyrsta sinn ekki lagt leyfið inn með forgangsrétti fyrr en eftir 3 ára stöðugt starf.

6. gr.

Atvinnuleyfi skulu gefin út af tveimur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn í reglugerð þessari. Skal annan þeirra tilnefna af stjórn Bifreiðastjórafélagsins Fylkis en hinn skipar ráðherra án tilnefningar. Úthlutunarmenn séu leigubifreiðastjórar að aðalstarfi, ekki má þó skipa stjórnarmenn stéttarfélags bifreiðastjóra til starfans. Ef tvær bifreiðastöðvar eru á félagssvæðinu skulu úthlutunarmenn vera einn frá hvorri bifreiðastöð. Skulu atvinnuleyfi og tilkynningar um atvinnuleyfi undirrituð af úthlutunarmönnum. Tilnefningin er til þriggja ára í senn.

Stjórn Bifreiðastjórafélagsins Fylkis skal senda úthlutunarmönnum rökstuddar tillögur um úthlutun atvinnuleyfa.

Verði ágreiningur á milli úthlutunarmanna sker samgönguráðuneytið úr.

Atvinnuleyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa. Leyfin skulu vera í vörslu Bifreiðastjórafélagsins Fylkis sem síðan tilkynnir útgáfuna, sbr. 2. mgr. 9. gr.

Engum má úthluta fleiri en einu atvinnuleyfi.

Úthlutunarmönnum er einnig skylt að líta eftir að ákvæðum reglna og laga um leigubifreiðar og reglugerðar þessarar sé fylgt og er þeim heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir brjótí leyfishafi af sér, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgönguráðuneytisins.

7. gr.

Óheimilt er að veita bifreiðarstjóra atvinnuleyfi, nema hann skuldbindi sig til að stunda akstur eigin leigubifreiðar sem fullt starf og sækir um upptöku í stéttarfélag bifreiðastjóra í Keflavík.

Þeir bifreiðastjórar, sem vinna störf þau, sem talin eru í b-lið 14. gr., halda óskertum rétti sínum, þótt þeir stundi ekki akstur bifreiðar sem aðalstarf.

8. gr.

Hverri bifreiðastöð er skylt að láta úthlutunarmönnum í té, í septembermánuði ár hvert, skrá yfir allar bifreiðar, sem þar hafa afgreiðslu. Í skrá þessari skal tilgreint skrásetningarnúmer bifeiða, nafn og heimilisfang bifeiðarstjóra og bifreiðareiganda.

III. KAFLI.

Nýting leyfis.

9. gr.

Leyfishafa er heimilt að hafa bifreið sína í afgreiðslu hjá hverri þeirri bifreiðastöð í Keflavík sem hann getur fengið afgreiðslu hjá, enda sé bifreiðastöðin viðurkennd af bæjarstjórn Keflavíkur.

Óheimilt er bifreiðastöð að taka bifreið í afgreiðslu fyrr en tilkynning um útgáfu atvinnuleyfis eða flutning milli stöðva hefur borst frá stéttarfélagi bifreiðastjóra.

Nú vill leyfishafi flytja sig á aðra bifreiðastöð, og skal hann þá afhenda stéttarfélagi bifreiðastjóra yfirlýsingu frá þeirri stöð sem hann hyggst flytja á, um að hann geti fengið þar afgreiðslu. Sé leyfishafi skuldlaus við bifreiðastöð þá, sem leyfishafi flytur frá, skal stéttarfélag bifreiðastjóra staðfesta flutninginn þegar í stað.

10. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta atvinnuleyfi sitt af hendi á nokkurn hátt, nema til stéttarfélags bifreiðastjóra, sem tilkynnir það þegar úthlutunarmönnum.

Leyfishafi, sem af einhverjum ástæðum getur ekki rekið leigubifreið samkvæmt leyfi sínu, eða notað það á annan hátt löglega, getur haldið leyfisréttindum sínum í allt að því 6 mánuði. Ef sérstaklega stendur á, geta úthlutunarmenn framlengt þennan frest, enda óski leyfishafi þess.

Úthlutunarmenn geta innkallað atvinnuleyfi leyfishafa hafi hann ekki notfært sér það í 6 mánuði eða lengur og ekki sótt um frest. Skulu úthlutunarmenn tilkynna leyfishafa innköllun leyfisins með ábyrgðarbréfi. Hafi leyfishafi ekki óskað eftir framlengingu leyfisins og fært fram ástæður, sem úthlutunarmenn geta tekð til greina, innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins.

Nú notar leyfishafi ekki atvinnuleyfi sitt í lengri eða skemmri tíma, en heldur því þó, sbr. 2. mgr., og er þá bifreiðastöð óheimilt að taka annan í afgreiðslu í hans stað á meðan.

Leyfishafi getur misst atvinnuréttindi sín, ef hann er fjarverandi tvo mánuði eða lengur, án þess að hafa tilkynnt viðkomandi bifreiðastöð fjarveru sína og orsakir hennar. Stöðvarstjóri skal þá tilkynna fjarveruna stjórn stéttarfélagsins, en hún ber málið undir úthlutunarmenn, sem ákveða hvort svipta skuli leyfishafa atvinnuleyfi eða ekki.

Hafi leyfishafi ekki átt bifreið í 1 ár eða lengur hefur hann fyrirgert rétti sínum til atvinnuleyfisins.

11. gr.

Brjótí leyfishafi eitthvað það af sér, að dómi bifreiðastöðvarstjóra, að segja beri leyfishafa upp afgreiðslu um stundarsakir, er viðkomandi bifreiðastöðvarstjóra heimilt að segja leyfishafa upp afgreiðslu í allt að 5 sólarhringa í fyrsta skipti, en allt að því 10 sólarhringa í annað skipti.

Skulu slíkar uppsagnir og tilefni þeirra skrásettar hjá viðkomandi bifreiðastöð og tilkynntar úthlutunarmönnum jafnóðum.

Telji bifreiðastöðvarstjóri ástæðu til að víkja leyfishafa úr afgreiðslu oftár, lengri tíma eða fyrir fullt og allt, skal viðkomandi bifreiðastöð leggja málið fyrir úthlutunarmenn. Skulu úthlutunarmenn, innan 15 daga, úrskurða, hvort útiloka skuli umræddan bifreiðastjóra frá afgreiðslu og hve langan tíma eða alveg.

Telji úthlutunarmenn ástæðu til að segja leyfishafa upp afgreiðslu um lengri eða skemmri tíma, skal atvinnuleyfi leyfishafa vera í vörslu þeirra, meðan uppsögn afgreiðslunnar stendur.

Viðkomandi bifreiðastöð er skylt að taka leyfishafa í afgreiðslu aftur að afgreiðslubanni loknu, ef leyfishafi æskir þess.

Nú æskir leyfishafi ekki að afgreiðslubanni loknu að fara til þeirrar bifreiðastöðvar, sem hann var hjá, skal hann þá innan 30 daga útvega sér afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð, en takist honum það ekki, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins og fellur það þá til úthlutunar að nýju, nema úthlutunarmenn ákveði annað.

Báðir aðilar hafa rétt til að skjóta úrskurði úthlutunarmanna til samgönguráðuneytisins, innan 6 daga frá birtignu úrskurðarins, ef um er að ræða útilokun í 6 mánuði eða lengri tíma, eða ef ágreiningur er um afgreiðslu málsins hjá úthlutunarmönnum.

12. gr.

Nú hættir leyfishafi að reka leigubifreið samkvæmt atvinnuleyfi sínu og segir atvinnuleyfinu upp. Skal hann þá skrá yfirlýsingu þar að lútandi á atvinnuleyfi sitt,

og síðan ráðstafa úthlutunarmenn leyfinu samkvæmt reglugerð þessari. Tilkynna skal þetta til bifreiðastöðvar þeirrar, sem hann hafði afgreiðslu hjá.

13. gr.

Óheimilt er að hafa vaktaskipti bifreiðastjóra á leigubifreiðum, nema báðir hafi atvinnuleyfi, þó getur samgönguráðuneytið ákveðið í samráði við stjórn stéttarfélags bifreiðastjóra, verði tilfinnanlegur skortur leigubifreiða í bænum, að út verði gefnar tímabundnar undanþágur frá greindu banni eftir reglum sem samgönguráðuneytið þá setur.

Einnig er stjórn stéttarfélags leigubifreiðastjóra skylt að veita undanþágu í eftirgreindum tilvikum:

- a. Þurfi leyfishafi á endurhæfingu að halda að undangengnum veikindum, enda leggi hann fram yfirlýsingu frá lækni þeim sem hann hefur verið í meðferð hjá um að endurhæfing sé honum nauðsynleg um takmarkaðan tíma.
- b. Heimilt má launþega að aka í atvinnuleyfi vinnuveitanda síns öðrum bíl en vinnuveitanda, sé um að ræða stopp vegna bilunar í minnst 7 daga eða lengur.

Skal stjórn stéttarfélagsins athuga réttmæti umsókna samkvæmt grein þessari hverju sinni.

14. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta annan mann en þann, sem hefur atvinnuleyfi aka fyrir sig, nema í eftirgreindum tilfellum, að fenginni undanþágu samkvæmt 15. gr.:

- a. Ef leyfishafi er veikur, enda sanni hann veikindi sín með vottorði læknis.
- b. Ef leyfishafi er að vinna í þágu stéttarfélags bifreiðastjóra, bifreiðastöðva þeirra, er reglugerð þessi nær til, eða þeirra stofnana verkalýðssamtakanna, sem viðkomandi stéttarfélag bifreiðastjóra á aðild að.
- c. Ef leyfishafi deyr, heldur maki hans atvinnuleyfinu í allt að 3 ár, frá dauða hans, ef maki æskir þess, enda sé bifreiðastjórinn félagi í stéttarfélagi bifreiðastjóra.

Heimilt skal að framlengja tíma þennan, mæli sérstakar ástæður til þess, en þó ekki lengur en 1 ár hverju sinni.

- d. Stéttarfélag bifreiðastjóra skal heimila leyfishöfum að láta aka fyrir sig á orlofstíma, þó eigi lengur en allt að 4 vikum árlega, enda lýsi leyfishafi því yfir, að hann sé að fara í orlof.

15. gr.

Vilji leyfishafi öðlast undanþágu samkvæmt 13. eða 14. gr., skal hann sækja um það skriflega til stéttarfélags bifreiðastjóra. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð leyfishafa um að hún samþykki þann ökumann, sem leyfishafi vill, að aki bifreiðinni.

Bifreiðastjóraráfélaginu er þá skylt að veita undanþáguna, og skal hún vera skrifleg, tímabundin og tekið fram, hvað í henni felst. Er viðkomandi bifreiðarstjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér, er hann er við akstur, og sýna trúnaðarmönnum stéttarfélagsins, ef þeir æskja þess.

Bifreiðastjóraráfélagið skal halda skrá yfir veittar undanþágur samkvæmt framan-sögðu.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum

þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 6 7. janúar 1963, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð nr. 164 19. júlí 1966.

Samgönguráðuneytið, 11. des. 1978.

Ragnar Arnalds.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 452.

29. desember 1978.

REGLUGERÐ

fyrir heilsuhæli N. L. F. Í., Hveragerði.

1. gr.

Stofnunin er eign Náttúrulækningafélags Íslands en rekin sem sjálfseignarstofnun með sjálfstæðan fjárhag.

2. gr.

Stjórn stofnunarinnar er skv. gr. 30.2. laga 57/ 1978 um heilbrigðisþjónustu, þannig skipuð, að starfsmannaráð hælisisins kýs einn stjórnarmann, hreppsnefnd Hveragerðishrepps einn mann og N. L. F. Í. þrjá menn. Um kjörtímabil stjórnarmanna ákveða þeir, sem þá kjósa. Þó skal enginn kosinn til lengri tíma en 4ra ára í senn.

3. gr.

Varastjórnendur skulu valdir á sama hátt og aðalmenn.

4. gr.

Stjórn hælisisins skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin heldur fundi svo oft sem þörf krefur eða þegar 2 stjórnarmenn óska þess. Afl atkvæða ræður úrslitum allra mála, sem tsjórninni er falið að ráða.

Fundur er lögmætur, ef meirihluti stjórnar situr fund.

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra, hjúkrunarforstjóra og yfirlækni í samráði við stjórn N. L. F. Í. og skv. l. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu.

6. gr.

Framkvæmdastjóri og hjúkrunarforstjóri ráða annað starfsfólk hælisisins og ákveða því kjör í samræmi við gildandi kjarasamninga á hverjum tíma. Verkaskipting framkvæmdastjóra og hjúkrunarforstjóra í ráðningarmálum skal vera sem líkust því, er viðtekið er á rikisspítölunum, þó þannig, að hjúkrunarforstjóri skal jafnan hafa samráð við yfirlækni hælisisins um ráðningu hjúkrunar- og nuddfólks.

7. gr.

Framkvæmdastjóra, hjúkrunarforstjóra og yfirlækni skal heimilt að sitja fundi stjórnar hælisisins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

8. gr.

Heilsuhælisstjórn skal gera þróunar- og rekstraráætlanir fyrir Heilsuhælið. Slík áætlanagerð skal ávallt vera gerð a. m. k. 2 ár fram í tímann, en vera í árlegri endurskoðun og unnin í nánú samstarfi við yfirlækni, framkvæmdastjóra og hjúkrunarforstjóra.